



# HRUNAMANNAHREPPUR

## 51. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

### KJÖRTÍMABILIÐ 2014 – 2018 7. FUNDUR ÁRSINS

### VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 31. MAÍ 2018

### KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2018, þann 31. maí kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14.00 í Ráðhúsi hreppsins á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Unnsteinn Eggertsson, Sigurður Sigurjónsson, Bjarney Vignisdóttir, Kolbrún Haraldsdóttir og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar.

#### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands: Afmælisnefnd.
2. Félag eldri Hrunamanna: Skýrsla stjórnar.
3. Skólaakstur: Samningar.
4. Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi og yfirmaður íþróttamannvirkja: Starfshlutfall.
5. Heilsueflandi grunnskóli: Áskorun starfsfólks.
6. SASS: Plastpokalaust Suðurland.
7. Tónsmiðja Suðurlands: Aukin nemendakvóti.
8. Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.
9. Næsti fundur sveitarstjórnar.

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

10. Skólanefnd: Fundargerð 21. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 16. maí s.l.
11. Skólanefnd: Fundargerð 21. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 16. maí s.l.

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

12. Fundargerð 156. fundar skipulagsnefndar frá 11. maí s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 2. maí s.l.  
Mál nr. 21: Efra-Sel. Ferðapjónusta, deiliskipulag.  
Mál nr. 22: Varmalækur, stofnun nýrra lóða, deiliskipulag.  
Mál nr. 23: Melar, miðvæði og garðyrkjulóðir; deiliskipulagsbreyting.  
Mál nr. 33: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
13. Fundargerð 157. fundar skipulagsnefndar frá 24. maí s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 16. maí s.l.  
Mál nr. 29: Birkibýggð 3. Deiliskipulagsbreyting.  
Mál nr. 33: Afgreiðslur byggingafulltrúa.
14. Oddvitanefnd UTU bs: Fundargerð frá 11. maí 2018.
15. Berggrísinn bs. Fundargerð 18. fundar stjórnar frá 4. apríl s.
16. Skólapijónustu og velferðarnefnd Árneshöfna: Fundargerð 27. fundar frá 4. apríl s.l.

#### **Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 186. fundar frá 3. maí 2018.
- b. SASS: Fundargerð 532. fundar stjórnar frá 3. maí og 4. maí s.l.

#### **Kynningarmál:**

- c. Kerlingarfjallavinir: Fundargerð stjórnar frá 9. janúar s.l.
- d. Kerlingarfjallavinir: Fundargerð stjórnar frá 9. apríl s.l.
- e. Kerlingarfjallavinir: Fundargerð aðalfundar frá 12. mars s.l.
- f. UTU: Kópsvatn 1, deiliskipulag.
- g. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Viðbótarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.
- h. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga: Ný reglugerð um starfsemina.
- i. Landssambönd landeigenda á Íslandi: Upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi samtakanna.

#### **Fundir framundan**

- j. Aukaaðalfundur SASS. Vestmannaeyjar 26.-27. júlí n.k.

### **Erindi til sveitarstjórnar:**

1. **Aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands: Afmælisnefnd.**  
Oddviti kynnti erindi frá afmælisnefnd sem skipuð var vegna aldarafmæli sjálfstæðis og fullveldis Íslands. Þar eru sveitarfélögin hvött til að taka virkan þátt í afmælisárinu og hvetji leik- og grunnskóla til að líta til afmælisársins í störfum sínum. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og hvetur leik- og grunnskóla og alla íbúa til að taka virkan þátt í afmælisárinu.
2. **Félag eldri Hrunamanna: Skýrsla stjórnar.**  
Oddviti kynnti skýrslu frá stjórn Félags eldri Hrunamanna fyrir liðinn vetur. Sveitarstjórn þakkar Félagi eldri Hrunamanna fyrir gott starf og góða skýrslu.
3. **Skólaakstur: Samningar.**  
Oddviti kynnti endurnýjun til þriggja ára á samningum við skólabílstjóra. Sveitarstjórn samþykkir samningana og felur skólastjóra og sveitarstjóra að undirrita þá. Útgjaldaaukinn telst viðauki við fjárhagsáætlun ársins. Áætlaður kostnaður þessa árs er kr. 1.000.000 vegna samninganna og verður tekinn af handbæru fé.
4. **Íþrótt- og æskulýðsfulltrúi og yfirmaður íþróttamannvirkja: Starfshlutfall.**  
Oddviti kynnti beiðni frá íþrótt- og æskulýðsfulltrúa og yfirmanns íþróttamannvirkja um breyta starfshlutfalli sínu úr 50% í 40% starf. Sveitarstjórn samþykkir erindið.
5. **Heilsueflandi grunnskóli: Áskorun starfsfólks.**  
Oddviti kynnti áskorun frá starfsfólki Flúðaskóla um heilsueflandi hreyfingu frítt, þ.e. í sund og tækjasal, eða komi á fót hvatagreiðslum. Sveitarstjórn vísar málinu til nýrrar sveitarstjórnar. Kolbrún víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
6. **SASS: Plastpokalaust Suðurland.**  
Oddviti kynnti áhersluverkefnið Plastpokalaust Suðurland frá SASS og næstu skref í því að koma upp pokastöð. Sveitarstjórn fagnar framtakinu og samþykkir að vísa málinu til nýrrar umhverfisnefndar.
7. **Tónsmiðja Suðurlands: Aukin nemendakvóti.**  
Oddviti kynnti beiðni frá Tónsmiðju Suðurlands um aukinn nemendakvóta næsta skólaár, þ.e. að auka nemendaígildi úr 4 í 6 eins og verið hefur síðasta vetur. Sveitarstjórn samþykkir erindið. Sigurður og Bjarney víkja sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.
8. **Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.**  
Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa Hrunamannahrepps verði lokuð í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 9. júlí til og með 27. júlí nk.
9. **Næsti fundur sveitarstjórnar.**  
Oddviti kynnti að fyrsti fundur nýrrar sveitarstjórnar yrði haldinn þriðjudaginn 12. júní nk. kl. 14:00.

### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

10. **Skólanefnd: Fundargerð 21. fundar nefndarinnar vegna Flúðaskóla frá 16. maí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar skólanefndar vegna Flúðaskóla. Farið var yfir skýrslu skólastjóra og skóladagatal 2018-2019 kynnt. Þá var farið yfir rekstur skólans og starfsmannamál. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.
11. **Skólanefnd: Fundargerð 21. fundar nefndarinnar vegna Undralands frá 16. maí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 21. fundar skólanefndar vegna Undralands. Farið var yfir skýrslu skólastjóra og leikskóladagatal kynnt fyrir næsta ár. Þá var farið yfir rekstur skólans. Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnessýslu og Flóahrepps:**

12. **Fundargerð 156. fundar skipulagsnefndar frá 11. maí s.l. og afgreiðsla byggingafulltrúa frá 2. maí s.l.**  
Oddviti kynnti fundargerð 155. fundar skipulagsnefndar frá 11. maí s.l. og afgreiðslur byggingafulltrúa frá 2. maí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 21: Efra-Sel. Ferðapjónusta, deiliskipulag.**

Lögð fram umsókn um afgreiðslu á skipulagslýsingu fyrir um 2,8 ha svæði á Efra-Seli sem afmarkast af landmörkum milli Syðra-Sels og Efra-Sels til vesturs. Innan reitsins er gert ráð fyrir uppbyggingu hótels en fyrir er golfskáli, tvær skemmur og fjögur íbúðarhús. Í aðalskipulagi er skipulagssvæðið skilgreint sem svæði fyrir veitinga- og gistipjónustu og umhverfis það er svæði skilgreint sem íþróttamannvirki utan þéttbýlis í tengslum við ferðapjónustu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að lýsingin verði kynnt skv. 3. mgr. 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Unnsteinn víkur sæti við meðferð og afgreiðslu málsins.

**Mál nr. 22: Varmalækur, stofnun nýrra lóða, deiliskipulag.**

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi fyrir jörðina Varmalæk lnr. 166907. Skipulagssvæðið nær til austasta hluta jarðarinnar og er um 2,2 ha að stærð. Gert er ráð fyrir þremur íbúðarhúsalóðum þar sem heimilt er að byggja allt að 350m<sup>2</sup> íbúðarhús og 60m<sup>2</sup> gestahús/geymslu. Einnig er gert ráð fyrir lóð undir hesthús allt að 250m<sup>2</sup>. Vegtenging við þjóðveg og að skipulagssvæðinu breytist lítillega.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að gögn verði lagfærð lítillega í samráði við skipulagsfulltrúa og leitað verði umsagna Vegagerðarinnar, Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

**Mál nr. 23: Melar, miðvæði og garðyrkjulóðir; deiliskipulagsbreyting.**

Lögð fram að nýju umsókn eiganda Mela um breytingu á deiliskipulagi á miðsvæði Flúða. Breyting hefur orðið á deiliskipulaginu þannig að einungis er gerð tillaga að þremur húsum í stað tíu. Skv. aðalskipulagi er svæðið landbúnaðarsvæði í þéttbýli.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir að tillagan verði auglýst skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um að gögn verði lagfærð lítillega í samráði við skipulagsfulltrúa og leitað verði umsagna Vegagerðarinnar, Minjastofnunar og Heilbrigðiseftirlits.

**Mál nr. 33: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 2. maí s.l.

**13. Fundargerð 157. fundar skipulagsnefndar frá 24. maí s.l. og afgreiðsla byggingarfulltrúa frá 16. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 155. fundar skipulagsnefndar frá 24. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. maí s.l. Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

**Mál nr. 29: Birkibbyggð 3. Deiliskipulagsbreyting.**

Lögð fram umsókn eiganda Birkibbyggðar 3 um breytingu á deiliskipulagi. Fram kemur í umsókninni að samkvæmt sérákvæðum lóða í Birkibbyggð er leyfi fyrir einnar hæðar húsi með risi að hámarki 5,5m mæni. Sótt er um leyfi fyrir niðurgröfnum kjallara að því tilskyldu að nýtingarhlutfall sé virt.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir breytinguna skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en ekki er talin þörf á grenndarkynningu.

**Mál nr. 33: Afgreiðslur byggingarfulltrúa.**

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 16. maí s.l.

**14. Oddvitanefnd UTU bs: Fundargerð frá 11. maí 2018.**

Oddviti kynnti fundargerð Oddvitanefndar UTU frá 11. maí s.l. Þar var rætt um landgræðsluverðlaun Landgræðslunnar, stöðuna á seyruhreinsibíreiðinni og gjaldskrá 2018 vegna móttöku og hreinsunar á seyru. Sveitarstjórn samþykkir gjaldskrá vegna móttöku og hreinsun á seyru og fundargerðina að öðru leyti.

**15. Bergrisinn bs. Fundargerð 33. fundar stjórnar frá 8. maí s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 33. fundar stjórnar Bergrisans bs frá 8. maí s.l. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**16. Skólaþjónusta og velferðarnefnd Árneshöfna: Fundargerð 27. fundar frá 4. apríl s.l.**

Oddviti kynnti fundargerð 27. fundar skólaþjónustu- og velferðarnefndar. Þar var lögð fram skýrsla um niðurstöður í Hljóm 2 og fjallað um trúnaðarmál. Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

- a. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 186. fundar frá 3. maí 2018.**  
Lagt fram til kynningar.
- b. SASS: Fundargerð 532. fundar stjórnar frá 3. maí og 4. maí s.l.**  
Lagt fram til kynningar.

**Kynningarmál:**

- c. Kerlingarfjallavinir: Fundargerð stjórnar frá 9. janúar s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- d. Kerlingarfjallavinir: Fundargerð stjórnar frá 9. apríl s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- e. Kerlingarfjallavinir: Fundargerð aðalfundar frá 12. mars s.l.**  
Lagt fram til kynningar.
- f. UTU: Kópavatn 1, deiliskipulag.**  
Lagt fram til kynningar.
- g. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Viðbótarframlög vegna þjónustu við fatlað fólk á árinu 2018.**  
Lagt fram til kynningar.
- h. Fasteignasjóður Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga: Ný reglugerð um starfsemina.**  
Lagt fram til kynningar.
- i. Landssambönd landeigenda á Íslandi: Upplýsingar um fyrirhugaða starfsemi samtakanna.**  
Lagt fram til kynningar.

**Fundir framundan**

- j. Aukaaðalfundur SASS. Vestmannaeyjar 26.-27. júní n.k.**  
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 15:55.